



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

37. Fundargerð

37. Fundur ungmennaráðs Grímsnes- og Grafnings var haldinn í frístundarhúsnæði fyrir ofan félagsheimilið, fimmtudaginn 29. janúar 2025 kl. 19:15

Fundinn sátu:

Andri Smárasón

Ásdís Rún Grímsdóttir

Harpa Jakobsdóttir

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Ingibjörg Elka Þrastardóttir

Ingileifur Áki Jónsson

Ísold Assa Guðmundsdóttir

Kjartan Guðjónsson

Óttar Guðlaugsson, Heilsu- og tómstundafulltrúi.

Fjarverandi voru: Tinna Þorkelsdóttir og Karólína Waagfjörð Björnsdóttir.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Óttar Guðlaugsson

1. Hlutverk ungmennaráðs og hópefli

Ungmennaráðið fékk kynningu af hverju ungmennaráðið er til staðar í sveitarfélögum og farið yfir hlutverk og markmið þessarar nefndar. Farið var yfir samþykktir ungmennaráðsins og þær breytingar sem hafa orðið á starfsháttum ungmennaráðsins. Þær eru m.a. hækkaður aldur upp í 25 ára. Starfstími ráðsins er 2 ár.

Óttar kynnti fyrir heimasíðu sambands íslenskra sveitarfélaga og benti á að sækja sér upplýsingar þar í sveitarfélagaskólanum fyrir ungmennaráð.

Ungmennaráðið samþykkir að fara í gegnum námskeiðið á eigin tíma og vera undirbúin fyrir næsta fund.

2. Líkamsræktin á Borg

Líflegar umræður sköpuðust um nýju líkamsræktina á Borg. Árgjaldið rætt fyrir unglinga og svo fullorðna. Óttar tilkynnti að í skoðun væri að breyta á árgjaldi árskorts í líkamsræktarsal. Aldurtakmark í líkamsræktina var einnig rætt og áhyggjur varðandi öryggi og rétta færni var varpað fram.

Heilt yfir er ungmennaráðið jákvætt yfir því að hér sé komin flott aðstaða sem þjónar vel íbúum sveitarfélagsins.



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

3. Fundatímar og samskiptaleiðir

Samþykkt að Messenger verði notaður sem helsti samskiptavettvangur ráðsins. Ákveðið að halda fundi að lágmarki einu sinni í mánuði. Aukafundir verða ekki greiddir.

Poll verður settur á Messenger hóp ráðsins fyrir fyrstu viku hvers mánaðar til að ákveða fundartíma.

Samþykktur fastur fundartími kl. 19:15–19:30.

Stefnt verður að því að vera með mat á fundum ef aðstæður leyfa, þá helst léttar veitingar.

Fundarstaður skal vera frístundarhúsið.

4. Kjósa í formann.

Samþykkt að gefa fulltrúum svigrúm til að íhuga ábyrgðarhlutverk formanns. Ákveðið að kosning formanns fari fram á næsta fundi.

5. Næsti fundur

Ákveðið að halda næsta fund í næstu viku. Óttar sendir út poll á Messenger til að ákveða nákvæman fundartíma.

6. Önnur mál

Rætt var um viðburði þar sem möguleg aðkoma ungmennaráðsins kemur til greina. Það voru m.a. Bingó, Sumardagurinn fyrsti, páskar, 17. júní, Jóláþematengdur viðburður og jólaball fyrir félagsmiðstöðina.

Ungmennaráðið samþykkir að koma með tillögur á næsta fundi um aðkomu þeirra að einhverjum viðburðum. Einnig samþykkt að á næsta fundi verði farið í meiri hugmyndavinnu um hvaða áherslumál ungmennaráðið ætlar að taka fyrir.